

EFTIRLITSSKÝRSLA

Olíudreifing Krossanesi



Dags eftirlits	27.11.2012	Fulltrúi UST	Gottskálf Friðgeirsson	
Fyrirtæki	Olíudreifing	Fulltrúi UST		
Heimili	Hólmaslóð 8 - 10	Tegund eftirlits	Reglubundið	
Kennitala	6606952069	Flokkur	Olía	
Fulltrúi fyrirtækis	Gestur Guðjónsson	ÍSAT nr.	63.40	
Fulltrúi fyrirtækis	Guðjón Páll Jóhannsson	Staðsetning	540523,65	578809,711

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Við eftirlit kom ekki fram frávik frá kröfum í starfsleyfi. Engin athugasemd var gerð við stöðina.

UMFANG EFTIRLITS

Farið var yfir mánaðarblöð í rekstrarhandbók stöðvarinnar í Krossanesi, farið yfir mælingar og skráningar sem kröfur eru gerðar um. Skráningar reyndust í góðu lagi.

Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar eru í rekstrarhandbók.

Kristian Juhl, fulltrúi Aker Solutions kom í árlega yfirferð á gufuendurnýtingarbúnaði stöðvarinnar daganna 6. og 7. júní sl. Í skýrslu hefur hann áhyggjur af að kæling mótora í búnaðinum gæti orðið vandamál. Einnig að auka megi öryggi búnaðarins með því að skipta út þrýstiskynjurum/þrýstiboðum (PT312/313). Að lokinni yfirferð þjónustufulltrúans var styrkur bensíngufu í útblæstri mældur og reyndist 2,73 g/Nm³ (klukkutímamæling). Reglugerðarmörk eru sett við 35 g/Nm³.

Gengið var um stöðina, geymar skoðaðir svo og lekavarnir (þró), olíuskiljur og áfyllingarplan. Tekið var á lokum í þró stöðvarinnar og stóðu þeir lokaðir eins og tilskilið er. Olíuskiljur voru tæmdar 21. júní 2012. Greining á olíu í frárennsli þróa stóðst kröfur í reglugerð, en prófað var með Macherey-Nagel prófi.

Girðingar og hlið voru í góðu lagi.

ATHUGASEMDIR

Engin athugasemd var gerð við stöðina.

Reykjavík, 11.12.2012

Gottskálf Friðgeirsson

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemd: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.